


VALLAREFTIRLIT GKG HANDBÓK



Samantekt:
Magnús Már Hardarson

Helstu markmið, ábyrgðir og skyldur vallareftirlitsins:

Að vera á 1. teigum á álagstímum við eftirlit og til leiðbeininga.

Aðstoða kylfinga eftir bestu getu og sýna þeim ávallt fyllstu kurteisi.

Fylgjast með og sjá til þess að kylfingar fari eftir settum reglum klúbbsins og reglum GSÍ um golfleik. Ræsa út í mótum.

Fylgjast með og sjá til þess að engin leiki vellina nema félagar í GKKG og þeir sem hafa greitt vallargjöld.

Fylgjast með leikhraða.

Hafa eftirlit með að kylfingar fylgi reglum klúbbsins um klæðaburð. Fylgja eftir að kylfingar fari eftir settum umgengisreglum



Bannað er að „lána“ félagsaðild sína með því að skrá sig á rástíma og leyfa öðrum að leika undir sínu nafni. Slíkt brot getur falið í sér brottvísun úr GKKG. Þeir sem leika velli GKKG er skylt að hlíta fyrir-mælum vallareftirlits. Brot á ofangreindum reglum og tilmælum geta varðað við skilyrðislausu brottvísun af svæði golfklúbbsins.



Starfsmenn vallareftirlitsins eru „andlit“ klúbbsins úti á völlumum.

Þeir fylgjast með leikhraða, öryggi og aðstoða kylfing á ýmsan hátt við leit að boltum og öðrum búnaði.

Starfsmenn vallareftirlits skulu leitast við að:

Vera rólegir og kurteisir jafnvel þegar aðstæður eru erfiðar, sérstaklega þá, heldur vallareftirlitsmaður ró sinni og sýnir virðingu í orðum og framkomu.

Vera með húmorinn í lagi, þegar það á við. Léttleiki og bros leysa oft meira en strangir fyrirlestrar.

Rétt notaður húmor getur slakað á aðstæðum og byggt traust.

Markmiðið er að halda í heiðri reglur klúbbsins.

Starfsmenn vallareftirlitsins benda á lausnir, ekki vandamál. Þeir eru raunsærir, skýrir og sanngjarnir.



Umgengnisreglur GKG

Hegðun

Kylfingar sýnið öðrum tillitssemi, þrúðmennsku og kurteisi. Komið fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, litarhætti og kynhneigð. Farið eftir fyrirmælum starfsmanna.

Klæðnaður

Kylfingar skulu vera snyrtilega klæddir á golfvællinum. Denim gallabuxur eru ekki leyfðar. Notið ekki skó sem geta valdið skemmdum á flötum.



Öryggi

Sýnið ávallt ýrtruðu varkárni þegar þið sveiflið kylfunni. Sláið ekki fyrr en þeir, sem á undan fara, eru komnir úr höggfæri. Kallið „FORE“ ef minnsta hættu er á að bolti ykkar geti hitt einhvern. Vallarstarfsmenn við vinnu eiga allan rétt, bíðið ávallt eftir merki þeirra. Kylfingar eru sjálfir ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda.




Golfvöllurinn

Gangið vel um völlinn!

Setjum allt rusl, s.s. bréf, plast, dósir, tóbaks bagga og sígarettustubba í flokkunarstöðvar. Farið eftir vegvísun og umferðarmerkjum og hlífið viðkvæmum svæðum.

Leggið torfusnepla aftur í kylfufarið. Rakið yfir öll ummerki í sandinum og leggið hrífuna í glompuna, þvert á stefnu brautarinnar. Enginn hefji leik nema með flatargaffal í vasanum, skimið eftir og lagið þau boltaför sem þið sjáið á flötinni. Farið ekki með golfpoka eða kerrur inn á flatir, teiga eða á milli glompu og flatar.



Limgerðið við 1. teig á Leirdalsvelli.

Nokkrir kylfingar GKG hafa á undanförunum sumrum verið að príla yfir limgerðið og valdið skemmdum á því. Undantekninga laust er þetta fólk í fínu líkamlegu formi, enda er 6-7 km ganga fram undan. Völlurinn er rúmir 5400 metrar. Vegalengdin sem sparast, með því að príla yfir limgerðið, er 60 -70 metrar.

Umgengisreglur GKG framhald

Leikhraði

Leikið án tafar, haldið í við hollið á undan ykkur. Að öllu jöfnu er spilað „**Ready golf**“.
Fyrstur kemur fyrstur slær. En gætið ávallt fyllsta öryggis. Hleypið fram úr ef þið dragist aftur úr um eina holu, eða bolti er týndur og ekki auðfundinn. Yfirgefið flötina um leið og leik er lokið á henni og skráið skorið á næsta teig. Kylfingar eru hvattir til að taka upp bolta sinn ef ljóst er að punktur muni ekki nást og þrýstingur er á leikhraða vellinum.



Priðjudaga á milli kl. 10:00—12:00 taka starfsmenn vallareftirlits rúnt á bílnum umhverfis bílastæðið sunnan við skálann og hreinsa dósir, plastflöskur og annað rusl samkvæmt tékklista vallareftirlits.

Hjá okkur í GKG er snyrtimennskan í fyrirrúmi.



Höldum
golfvöllum
GKG hreinum
og snyrtilegum

Það er góður vani, að stöðva bílinn í eftirlitsferðum, ef viðkomandi eftirlitsmaður, sér rusl á stígum eða á brautum, og týna það upp.



Öryggi vallarstarfsmanna !



Starfsmenn vallareftirlits!

Brýnið fyrir kylfingum, að bíða eftir merki frá vallarstarfsmönnum, sem eru við vinnu sína úti á velli, um að það sé í lagi að slá boltann.

Vallarstarfsmenn hafa forgang úti á velli við vinnu sína.

Önnur verkefni sem Vallareftirlitið sér um:



Vallareftirlitið sér um að ræsa út í mótum GKG. Ræsingar fara fram samkvæmt leiðbeiningum frá mótstjóra/mótstjórn.



Regluleg þrif á golfbílaflota GKG er eitt af verkefnum vallareftirlitsins

Nýliðinn



**Allir eru einhvern tímenn
byrjendur, tökum vel á móti
nýliðunum og
leiðbeinum þeim**

Reglur um golfbíla og önnur ökutæki á golfvöllum GKG

Undan farin ár hefur verið bylting í rafmagns knúnum ökutækjum, t.d. verið að vísa fólki af vellinum á hlaupahjólum. Eins eru komnir á markaðinn götuskráðir bílar sem komast upp í 80 km hraða. Til að gæta valla okkar og minnka slyshættu hefur stjórn GKG sett eftirfarandi reglur um ökutæki á völlum GKG. Heimiluð ökutæki:

Golfbílar GKG og vinnutæki GKG.

Ökutæki vegna framkvæmda (með segulmerki GKG)

Ökutæki vegna móta (með segulmerki GKG)

Önnur götuskráð ökutæki eru óheimil á völlum GKG

Golfbílar í eigu kylfinga þurfa samþykki frá vallarstjóra GKG

Þjóðum þeim sem ekki geta spilað án golfbíls ársleigu, sjá verðskrá.

Aldurstakmark til aksturs golfbíla er 17 ár.



Utan klúbbs golfarar, sem borga ekki vallargjöld



Ef aðstæður eru þannig, einstök veðurlíða, mun vallareftirlitið standa vaktina



Viðmið varðandi teigaval á völlum GKG

Það eykur ánægju okkar á vellinum og leikhraða að velja teigasett sem hæfir okkar högg lengd og forgjöf.

Teigaval - viðmið

Leirdalur

59

Forgjafarviðmið karla: að 5,5
Teighögg: Yfir 220 metra

54

Forgjafarviðmið karla: 5,6 - 19,9
Forgjafarviðmið kvenna: að 4,9
Teighögg: 170 metrar og lengra

52

Forgjafarviðmið karla: 20 - 31,9
Forgjafarviðmið kvenna: 5 - 14,9
Teighögg: 140 metrar og lengra

47

Forgjafarviðmið karla: 32+
Forgjafarviðmið kvenna: 15+
Teighögg: Undir 140 metrum

Mýrin

35

Börn og byrjendur

41

Forgjafarviðmið karla: 32+
Forgjafarviðmið kvenna: 15+
Teighögg: Undir 140 metrum

47

Forgjafarviðmið karla: að 32
Forgjafarviðmið kvenna: 15+
Teighögg: 140 metrar og lengra



Rástímakerfi og rátímaskráning

Reglur varðandi rástímabókanir eru:

Opnað er fyrir rástímabókanir allt leiktímabilið þegar ljóst er hvenær vellir opna. Hver félagi hefur í heildina fjögur tóken þar sem einu er spilað úr þegar bókaður er rástími. Félaginn fær tókenið til baka þegar hann hefur spilað rástímann eða afskráir sig. Bókanir samdægurs (frá kl. 21:00 kvöldið áður) krefjast ekki tókens Utanfélagskyfingar geta bókað rástíma kl 21:00 – 2 dögum fyrir rástímann.

Dæmi = kl 21:00 á föstudagskvöldi get ég bókað út sunnudag

GKG-ingar geta bókað fyrir utanfélagsmenn sjálfir.

Bil á milli rástímabókana sama dag á Leirdal: 5 klst.

Bil á milli rástímabókana sama dag á Mýrin : 2 klst.

Staðfesta þarf mætingu í Golfbox appinu áður en leikur hefst.

Afbóka skal a.m.k. tveimur klukkustundum fyrir bókaðan rástíma, ef þú sérð ekki fram á að geta nýtt rástímann þinn.

Allir sem koma á vellina okkar þurfa að skrá sig inn á völinn með QR kóða sem er í anddyri verslunarinnar. Ef félagsmaður mætir ekki á skráðan rástíma, þá kemur hann í veg fyrir það að annar félagsmaður getur nýtt rástímann. Viðurlögin eru:

1 brot, áminning

2 brot, lokað fyrir rátímaskráningu í 7 daga

3 brot, lokað fyrir rátímaskráningu í 14 daga

4 brot, lokað fyrir rátímaskráningu út golfárið

Ekki er leyfilegt að skrá aðra kyfinga með sér í holl nema þeir hafi samþykkt að mæta í rástímann sjálfir. Annað felur í sér tillitsleysi gagnvart öðrum.

